

## Sigurrós Friðriksdóttir

---

**From:** Kiddi Hróbjartsson <kiddi@runningtide.com>  
**Sent:** fimmtudagur, 27. október 2022 15:08  
**To:** Sigurrós Friðriksdóttir  
**Cc:** Aðalbjörg Birna Guttormsdóttir; Lilja Ólafsdóttir; Sigrún Ágústsdóttir  
**Subject:** Re: Eftir fund - Running Tide

**Categories:** GoPro: Skjalað undir UST202207-267 - Vísindalegar rannsóknir - landhelgi - efnahagslögsaga og landgrunn - leyfi... (mál)

Sæl,

Vegna umfjöllunar Umhverfisstofnunar og nýrrar umsagnar frá Hafrannsóknarstofnun vill Running Tide koma eftirfarandi á framfæri.

### Varðandi meinta breytingu á rannsókn

Félagið vill koma því á framfæri að ekki er um neina efnislega breytingu að ræða á rannsókninni frá því að leyfi var gefið út. Við höfum veitt nánari útlistanir á fyrsta fasa, og ítarlegri upplýsingar um framkvæmd sem hafa enn minni möguleika á neikvæðum áhrifum heldur en það sem stjórnvöld hafa þegar gefið út leyfi fyrir (þ.e. minna efni, færri efni, lágmarks þörungur í fyrsta fasa).

Leyfið er gefið út fyrir fleytingu 50.000 tonna innan landhelgi. Efnið er að mestu leyti viðarmassi og kalk ( $\text{CaCO}_3$ ,  $\text{CaO}$ ,  $\text{Ca(OH)}_2$ ). Áður en farið er í grósetningu og ræktun á þörungum á rúmsjó munu fara fram frekari rannsóknir á þeim þætti, líkt og nefnt er í skýrslu Ocean Visions sem og umsögn Hafrannsóknarstofnunar. Félagið vill ennfremur áréttu að markmið rannsóknarinnar hefur ekki breyst. Ocean Alkalinity Enhancement er lítill hluti af rannsókninni, en eins og segir í leyfinu er markmiðið að farga kolefni sem bundið er í efnið (þeas. lífmassann/timbrið) og þarann með því að tryggja að það sökkvi þar sem dýpi er a.m.k. 1000m. Rétt er að ekki er sérstaklega tekið fram í leyfinu að notkun basandi efna sé hluti af rannsókninni að öðru leyti en að flothylkin séu húðuð í kalkefnum, en vert er að áréttu að það var rætt við Hafrannsóknarstofnun á fundum áður en leyfið var gefið út.

### Varðandi mikilvægi rannsókna

Félagið tekur heilshugar undir ábendingar Hafrannsóknarstofnunar þess efnis að frekari rannsókna sé þörf. Félagið vinnur náið með Ocean Visions, og var m.a. meðhöfundur skýrslunnar sem stofnunin vísar til („Answering Critical Questions About Sinking Macroalgae for Carbon Dioxide Removal“). Þá sér Ocean Visions um óháð vísindaráð sem veitir Running Tide ráðgjöf og aðhald. Það vísindaráð er upplýst um rannsóknaráætlanir félagsins á Íslandi, og Ocean Visions gaf út stuðningsbréf til að benda á mikilvægi þeirra rannsókna sem farið verður í frá Íslandi. Það bréf var sent á Umhverfisstofnun áður, en það fylgir einnig með þessum pósti.

### Varðandi umhverfisáhrif

Í umhverfismati vegna rannsóknarinnar er ítarlega fjallað um það efni sem verður fleytt, í hvaða magni það efni er nú þegar í sjónum, eða eftir atvikum endar þar sökum náttúrulegra ferla, og hvaða mögulegu áhrif það viðbótarefni getur haft á lífríki. Það er skoðun félagsins og sjálfstæðs vísindafólks sem félagið hefur talað við, að það sé mjög ólíklegt að rannsóknin hafi alvarleg og óafturkræf áhrif á umhverfið. Ofgnótt koltvísýrings hefur nú þegar gríðarlega slæm áhrif á sjóinn og skortur á vísindalegri vissu á ekki að að vera notað sem átylla til að fresta eða koma í veg fyrir fýsilegar aðgerðir til að stemma stigu við umhverfistjóni, t.d. alvarlegum áhrifum koltvísýringsemungunar í sjónum.

### Varðandi vísindagreinar

Félagið vill benda á að þær greinar sem Hafrannsóknarstofnun vísar til eru annars vegar ekki ritrýndar vísindagreinar, og hins vegar alls ótengdar fyrirætlunum félagsins. Greinarnar Boyd et al (2022) og Ricart et al (2022) eru skoðanagreinar eftir lítinn hóp vísindafólks en ekki ritrýndar vísindagreinar. Eðlilegt er að vísindasamfélagið eigi skoðanaskipti um ýmis mál, en mikilvægt er að áréttu að rannsóknin snýst einmitt um að minnka áhættu og auka þekkingu á málefnum. Grein Williamson og Gattusson (2022) fjallar um sjávarfit, leiruviðarskóga, og

marhálmsgræður, sem er ótengt því sem Running Tide gerir. Félagið hefur áður deilt ítarlegu yfirliti með Umhverfisstofnun um ritrýndar vísindagreinir sem fjalla um kolefnisföngun og förgun á hafi (tölvupóstur 30. september).

Running Tide mun eiga í beinu samráði við Hafrannsóknarstofnun um framgang rannsóknar, deila niðurstöðum rannsókna, og svara vísindalegum spurningum líkt og kveðið er á í rannsóknaleyfinu.

Félagið vill af þessu tilefni jafnframt minna á að það hefur nú þegar fengið útgefið leyfi af hálfu utanríkisráðuneytisins á grundvelli laga sem ná til tiltekinna rannsókna, nánar tiltekið fleytingu 50.000 tonna af flothylkjum. Eins og félagið hefur áður bent á, og hér hefur verið rakið, er ekki um neinar efnislegar breytingar að ræða á rannsókninni frá því það leyfi var gefið út að öðru leyti en nánari upplýsingar liggja fyrir um einstaka þætti hennar. Bæði umfang og eðli þeirra rannsókna eru því innan þeirra marka sem leyfið tekur til.

Hvenær er áætlað að drög eða fyrirhöguð ákvörðun liggi fyrir til skoðunar?

Með kveðju,  
Kristinn

On Thu, Oct 27, 2022 at 3:00 PM Sigurrós Friðriksdóttir <[sigurros@umhverfisstofnun.is](mailto:sigurros@umhverfisstofnun.is)> wrote:

Sæll,

ykkur er velkomið að senda inn frekari upplýsingar. Æskilegt væri að þær upplýsingar bærust sem fyrst, en ykkur verður jafnframt gefinn kostur á að tjá ykkur um niðurstöður stofnunarinnar áður en endanleg ákvörðun verður tekin.

**Bestu kveðjur, Best regards**

Sigurrós Friðriksdóttir  
Sérfræðingur, Advisor  
Svið umhverfisgæða, Department of Environmental Quality



Umhverfisstofnun, Environment Agency of Iceland  
Suðurlandsbraut 24, 108 Reykjavík, Iceland  
Sími / Phone: +354 591 2000  
Veffang / Webpage: [Http://www.ust.is](http://www.ust.is)

---

**From:** Kiddi Hróbjartsson <[kiddi@runningtide.com](mailto:kiddi@runningtide.com)>  
**Sent:** fimmtudagur, 27. október 2022 12:09  
**To:** Sigurrós Friðriksdóttir <[sigurros@umhverfisstofnun.is](mailto:sigurros@umhverfisstofnun.is)>  
**Cc:** Aðalbjörg Birna Guttormsdóttir <[birnag@umhverfisstofnun.is](mailto:birnag@umhverfisstofnun.is)>; Lilja Ólafsdóttir <[lilja.olafsdottir@umhverfisstofnun.is](mailto:lilja.olafsdottir@umhverfisstofnun.is)>  
**Subject:** Re: Eftir fund - Running Tide

Sæl,

Í ljósi þeirra umsagna sem bárust stofnuninni vill Running Tide koma á framfæri athugasemdum áður en ákvörðun er tekin.

On Thu, Oct 20, 2022 at 12:46 PM Sigurrós Friðriksdóttir <[sigurros@umhverfisstofnun.is](mailto:sigurros@umhverfisstofnun.is)> wrote:

Sæll,

Í ljósi þeirra breytinga sem orðið hafa á lýsingu rannsóknarverkefnis Running Tide frá því að rannsóknarleyfi utanríkisráðuneytisins var veitt með bréfi dags. 8. júlí sl. og þeim upplýsingum sem nú liggja fyrir um rannsóknina og fyrsta áfanga hennar þá upplýsist hér með að Umhverfisstofnun telur nauðsynlegt að leita umsagnar Hafrannsóknastofnunar, Landhelgisgæslu Íslands og Samgöngustofu um fyrsta áfanga rannsóknarinnar. Er það liður í ákvörðunartöku Umhverfisstofnunar um það hvort hægt er að veita heimild til að koma fyrir efni eða hlutum í hafinu vegna rannsóknarinnar og hvort fyrsti áfangi rannsóknarinnar eins og honum er lýst í fyrirbyggjandi gögnum frá Running Tide ehf. uppfylli markmið 1. gr. l. nr. 33/2004 um verndun hafsins og lífríkis þess.

Umhverfisstofnun hefur óskað eftir að umsagnir fyrrgreindra stofnana liggja fyrir eigi síðar en 25. október nk., sé þess nokkur kostur.

**Bestu kveðjur, Best regards**

Sigurrós Friðriksdóttir  
Sérfræðingur, Advisor  
Svið umhverfisgæða, Department of Environmental Quality



Umhverfisstofnun, Environment Agency of Iceland  
Suðurlandsbraut 24, 108 Reykjavík, Iceland  
Sími / Phone: +354 591 2000  
Veffang / Webpage: [Http://www.ust.is](http://www.ust.is)

---

**From:** Kiddi Hróbjartsson <[kiddi@runningtide.com](mailto:kiddi@runningtide.com)>  
**Sent:** miðvikudagur, 19. október 2022 09:52  
**To:** Sigurrós Friðriksdóttir <[sigurros@umhverfisstofnun.is](mailto:sigurros@umhverfisstofnun.is)>  
**Cc:** Aðalbjörg Birna Guttormsdóttir <[birnag@umhverfisstofnun.is](mailto:birnag@umhverfisstofnun.is)>; Lilja Ólafsdóttir <[lilja.olafsdottir@umhverfisstofnun.is](mailto:lilja.olafsdottir@umhverfisstofnun.is)>  
**Subject:** Re: Eftir fund - Running Tide

Sæl, takk fyrir þetta, móttekið. Geri ráð fyrir að engra frekari gagna sé þörf í bili og hlakka til að fá niðurstöðuna á næstu dögum.